

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundardagskrá 12. júní 2019

13. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hefst fundur klukkan 20.

Mætt: Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Drífa Árnadóttir, Þorkell Gíslason og Hrefna Jóhannesdóttir. Ólöf Ólafsdóttir formaður húsnefndar mætti undir lið 4.

Dagskrá

1. Samstarfssamningur milli svf. Skagafjarðar og svf. Akrahrepps

Endurskoðuð drög að samstarfssamningi milli sveitarfélaganna tveggja lögð fram. Næsti fundur í samstarfsnefnd sveitarfélaganna hefur verið boðaður föstudaginn 14. júní kl. 09.30.

Drög að samningnum rædd, farið yfir stöðu mála og breytingatillögur lagðar fram.

2. Málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra frá 1. janúar 2020.

Samningur sveitarfélaganna um málefni fatlaðs fólks rennur út 31. desember 2019. Þjónusturáð skal gera tillögu að nýjum samningi og skila til sveitarstjórna eigi síðar en 15. september 2019.

Sveitarfélagið Akrahreppur óskar eftir því að endurnýja samninginn.

3. Erindi frá Ungmennafélaginu Smáranum

Sara Gísladóttir, Sarah Holzem og Sindri Gunnarsson mættu fyrir hönd stjórn Smárans til þess að ræða málefni íþróttafélagsins.

Ákveðið að veita 300.000 kr. á ári til barna- og æskulýðsstarfs Ungmennafélags Smárans.

4. Erindi frá húsverði Héðinsminnis

Lögð fram viðskiptaáætlun fyrir Héðinsminni, þjónustumiðstöð. Viðskiptaáætlunin var unnin í Ræsingu Skagafjarðar af Herdísi Sigurðardóttur, húsverði, sem jafnframt kynnti áætlunina.

5. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 23.36